

FÉLAGSMIÐSTÖÐIN NÝUNG

FRÉTTABRÉF HAUST 2018

Félagsmiðstöðin Nýung hóf störf á ný 27. ágúst síðastliðinn. Til viðbótar við fastar og afar hefðbundnar opnanir fer fram í Nýung klúbbastarfsemi öll fimmtudags- og þriðjudagskvöld. Það hefur verið vel mætt á opnanir og er alltaf mikið um að vera. Þetta skólaárið var stofnað nýtt Félagsmiðstöðvarráð og erum við mjög hreykin af meðlimum þess og þeirra metnaði hingað til. Ráðið telur 15 meðlimi úr 8.-10. bekkjum allra skóla.

Klúbbastarf

Í Nýung eru þrjár mismunandi klúbbar starfræktir eins og er; spila-, myndlistar- og kvikmyndaklúbbur.

Á þriðjudagskvöldum skiptast á spila- og kvikmyndaklúbbur, hvor þeirra aðra hverja viku. Í spilaklúbbnum er hist til að spila skemmtileg spil en í Nýung er til aragrúi af þeim.

Í kvikmyndaklúbbnum er horft á gamlar myndir með mismunandi þemum en unglíngarnir sjálfir hafa mikið um að segja og geta kosið í flestum tilvikum á hvaða mynd er horft á.

Myndlistarklúbburinn hittist öll fimmtudagskvöld og fer fram í Sláturhúsinu. Þar gefst unglíngum tækifæri til að gera nánast það sem þeim dettur í hug er kemur að myndlist undir handleiðslu nemenda af listabraut ME. Hvetjum við foreldra þeirra unglínga sem hafa áhuga á myndlist að prufa að kíkja í Sláturhúsið á fimmtudagskvöldum.

Landsmót SamFés

Fjögur ungmenni úr félagsmiðstöðvarráði fóru, ásamt forstöðumanni á Landsmót SamFés helgina 5.-7. október. Á landsmótið, sem í ár var haldið á Selfossi, koma fulltrúar úr flestum félagsmiðstöðvum landsins til að læra eitthvað nýtt um hin ýmsu málefni, skiptast á skoðunum og kynnst nýju fólki. Á föstudagskvöldi fór fram kosning í ungmennaráð SamFés og eignuðumst við í Nýung fulltrúa þar, Elísabeth Önnu Gunnarsdóttur. Einnig var landsþing ungmenna á sunnudegi þar sem ungmenni landsins fá tækifæri til að tjá sig um málefni sem þeim finnast skipta máli. Ferðin gekk með eindæmum vel, unglíngarnir okkar voru hæstánægðir og frábært að hafa Elísabeth Önnu sem fulltrúa okkar í ungmennaráði SamFés.

Fastar opnanir í Nýung

5. BEKKUR EGS.SKÓLA:
ÞRIÐJUDAGA 14:50-16:30

6.-7. BEKKUR EGS.SKÓLA:
MÁNUDAGA 14:00-16:00

5.-7. BEKKUR FELLA- OG
BRÚARÁSSKÓLA:
MIÐVIKUDAGA 15:30-17:15

8.-10. BEKKUR:
MÁNUDAGS-,
MIÐVIKUDAGS- OG
FÖSTUDAGSKVÖLD
19:30-22:00.

**A
T
H**

Ef foreldrar og forráðafólk barna og unglínga hafa áhuga á að ræða málefni Nýungar, sinna barna eða annað sem viðkemur starfinu þá er hægt að ná í Árna Pálsson í síma 8660263 eða arnipals@egilsstadir.is.

Kuldaboli

Kuldaboli var haldinn dagana 13.-14. október í Fjarðabyggðarhöllinni. Þangað er öllum unglingum á Austurlandi boðið að koma og skemmta sér, en Nýung fór með um 100 unglinga á skemmtunina þetta árið. Á laugardeginum voru skemmtilegar smiðjur og um kvöldið var geggjað ball þar sem Jói P og Króli héldu uppi stuðinu. Síðan um nóttina gista unglingarnir í tjöldum inn í höllinni og þykir það mjög skemmtileg lífsreynsla.

Vert er að taka fram að unglingarnir okkar voru algjörlega til fyrirmyndar eins og við var að búast og hlökkum við til að fara með þeim á næsta ári.

Útivistarreglur

Útivistartími unglinga á aldrinum 13-16 ára yfir vetrartímann er til 22:00 á kvöldin nema þegar unglingarnir eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, æskulýðs- eða íþróttasamkomu. Opnanir í Nýung eru til kl.22:00 og vill starfsfólk hvetja foreldra til að leggja áherslu á að unglingarnir drífi sig heim þegar lokar svo þau séu ekki á röltinu löngu eftir að útivistartíma lýkur.

Á NÆSTUNNI

Félagsmiðstöðva- og ungmennahúsadagurinn

Félagsmiðstöðva- og ungmennahúsadagurinn er 14. nóvember en þá er öllum boðið að koma á opnun og kynna sér það starf sem þessar stofnanir hafa upp á að bjóða. Við hvetjum sérstaklega foreldra og forráðafólk til að koma og skoða það starf sem fram fer í Nýung, það sem notendur félagsmiðstöðvarinnar eru að gera eða geta mögulega nýtt sér.

Dagur skapandi greina

Þann 6. desember verður haldinn Dagur skapandi greina þar sem unglingar fá tækifæri til að kynna sér hinar ýmsu skapandi greinar og hvaða náms og atvinnumöguleikar tengjast þeim.

SamAust

SamAust hátíðin verður haldin á Egilsstöðum þann 18. janúar. Á SamAust fer fram söngkeppni fyrir unglinga á Austurlandi og þau atriði sem lenda í tveimur efstu sætunum fá að keppa í Söngkeppni SamFés, sem sýnd er í beinni útsendingu í sjónvarpinu.

Allir þessir viðburðir verða auglýstir betur þegar nær dregur.